

Úthlutunarreglur

vegna styrkja Menntamálaráðuneytisins til verkefna
aðildarfélaga Bandalags ísl. leikfélaga.

- A. Leiksýningar, íslensk og erlend verk, 100% styrkur
Lengdarviðmið eru frá 0 og upp í 80 mín. eða 1,25% á hverja mín.
- B. Álag
1. Frumflutningur 30%
 2. Sérstakt frumkvæði 20%
- Álag greiðist aðeins vegna A og í sömu lengdarviðmiðunum
- C. Námskeið
1. Námskeið haldið af leikfélagi, 18-35 klst. kr. 10.000
 2. Námskeið haldið af leikfélagi, 36 klst. og yfir kr. 20.000
 3. Styrkur til leikfélags vegna þátttöku í
Leiklistarskóla BÍL, pr. nemandu kr. 5.000

Umsókum vegna námskeiða þarf að fylgja ítarleg lýsing á innihaldi þeirra, samin af leiðbeinanda og listi yfir þátttakendur með kennitölum þeirra.

Skýringar á lið A:

Styrkur er eingöngu veittur vegna leikrita og leikþátta. Ef um samsettar dagskrár er að ræða þá skal aðeins sækja um styrk vegna leikinna atriða í dagskránni og sótt skal um hvert atriði fyrir sig á sérstöku eyðublaði.

Ef félag setur upp leiksýningu í samstarfi við önnur félög eða stofnanir ber að skila sundurliðun á kostnaði og skiptingu verka á sérstöku eyðublaði með styrkumsókn.

Skylt er að senda upptökur af öllu leiknu efni með styrkumsóknum ásamt handritum af nýjum og nýþýddum verkum.

Með umsóknum um styrk vegna sýninga á höfundaréttarvörðu efni skal fylgja staðfesting á að sýningarleyfi hafi verið veitt ef það er ekki fengið í gegnum skrifstofu Bandalagsins. Styrkir eru ekki veittir vegna sýninga án leyfis réttihafa.